


Grunnmynd
mkv. 1:100



LÝSING ERINDIS

Sótt er um tímabundið stöðuleyfi fyrir þremur gámum (vinnuskúrum). Gámarnir eru 2.4m x 6.0m með gluggum á framhlið. Engir gluggar eru á hlið sem snýr að húsnæði Urtu við Básveg 10.



Ásýnd
mkv. 1:100

útg. dags. skýring teiknað yfirarið

VINNUGÁMAR Á LÓÐ - TÍMABUNDIÐ

heimilisfang sveitarfélag verkhluti skýringartexti
BÁSVEGUR 10
REYKJANESBÆR
AÐALUPPDRAÐTUR
grunnmynd, ásýnd, afstaða

verknúmer 22/07 landeignanúmer 126600 staðgreinir 2000-4-07330100

teiknað KE yfirarið KE kvarði 1:100 dags. 15-05-2022

teikning nr. A-201 útgáfa/breyting AOK ARKITEKTAR



arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflega leyfi höfundar.

Byggingarfulltrúi Reykjanesbæjar

Greinargerð með umsókn um byggingarleyfi 1 – stöðuleyfi gámahýsis, Básvegur 10

Urta Islandica ehf. sækir hér með um "byggingarleyfi 1 - stöðuleyfi" fyrir bráðabirgða þróunaraðstöðu.

Um er að ræða 3 samfasta gáma/gámahýsi þar sem til stendur að þróa vinnsluaðferð fyrir nýja framleiðslu. Til er heimild til byggingar nýbyggingar á þessum stað (lóð), sökum Covid og áhrifa þess á rekstur fyrirtækisins verður óhjákvæmilega seinkun á þeirri framkvæmd. Gámahýsin verða tengd öryggis- og brunaviðvörðunarkerfum Securitas í aðalbyggingu.

Áætlað er að gámahýsin standi í 3-5 ár. Mikil áhersla verður lögð upp úr snyrtilegu umhverfi í kringum gámahýsin, sem og útlit, þ.a. hægt sé að kynna verkefnið útávið. Að sama skapi verður lagt upp úr „skemmtilegu“ sjónarhorni sé horft inn í gámahýsin, því spila gluggar á framhlið stórt hlutverk í sýnileika og kynningarstarfi verkefnisins.

Urta Islandica ehf. er framleiðandi að matarminjavörum með áherslu á ferðamannamarkað, íslenskt hráefni leikur megin hlutverk í vöruframboði þess og er fyrirtækið leiðandi í framleiðslu slíkra vara. Öll framleiðsla fyrirtækisins var flutt til Reykjanesbæjar 2017 og hyggur fyrirtækið á að auka enn frekar orðspor og vöruúrval sitt þar sem Reykjanes og aðild fyrirtækisins að Reykjanes Geopark mun spila stórt hlutverk.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Urta Islandica ehf.

Sigurður Magnússon

Urta Islandica ehf

Framleiðslustjóri / Production manager

siggi@urta.is www.urta.is

Sími: +354 4701305 Gsm: +354 8980547





Urta Islandica ehf.

Básvegur 10
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 9. júní 2022

Mál nr. 2022050538

Efni: Tilkyning um afgreiðslu á erindi

Á 329. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar vegna byggingarleyfisumsóknar þann 20.5.2022 var tekin fyrir umsókn þín um byggingarleyfi í samræmi við neðangreint.

Básvegur 10 (2022050538)

Urta Islandica ehf kt.650113-0120 tilkynnir inn tilkynningarskyldri mannvirkjagerð undanþegin byggingarheimild og -leyfi, liður c. Stöðuhýsi sem skulu standa lengur en 4 mánuði, sbr. meðfylgjandi gögnum frá AOK arkitektum dags. 15.05.2022.

Eftirfarandi var bókað: Erindi vísað til skipulagsfulltrúa. Erindið uppfyllir ekki skipulagsskilmála.

1.1.6 Afgreiðslugjald 17.469- kr Greiðsluseðill verður sendur í heimabanka greiðanda.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en byggingarfulltrúi hefur gefið út byggingarleyfi í samræmi við 13. gr. laga um mannvirki nr. 160 / 2010. Þar segir meðal annars að aðaluppdrættir hafi verið yfirfarnir og áritaðir af byggingarfulltrúa, byggingarleyfisgjöld greidd, byggingarstjóri undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og fyrir liggja ábyrgðaryfirlýsing iðneistara á einstökum verkþáttum.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gild hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 24 mánaða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Sveinn Björnsson
Byggingarfulltrúi

Úrræði umsækjanda:

Umsækjandi sem er ósáttur við niðurstöðu þeirrar ákvörðunar sem tekin hefur verið og telur rétti sínum hallað á einhvern hátt á þess kostna að bera ágreininginn undir Mannvirkjastofnun og eða leggja fram kæru hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Mannvirkjastofnun getur, sbr. 18. gr. laga um mannvirki nr. 160 / 2010, tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög.

Mannvirkjastofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 59. gr.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laga um mannvirki nr. 160 / 2010 eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 59. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 123 / 2010.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni